

ÞAÐ KOMAST EKKI ALLIR Á LEIÐARENDA – VIÐ SKORUM Á ÞIG !

Á hverju ári verða alltof mörg hreindýr og fuglar fyrir ökutækjum. Undanfarið hefur Lögreglan á Austurlandi hvatt vegfarendur til að gæta varúðar á vegum og forðast að aka á dýr sem því miður eru alltof algengt. Náttúrustofa Austurlands fangar því frumkvæði og tekur undir með lögreglunni og hvetur vegfarendur til að gæta fyllstu varúðar, lesa vel í aðstæður og nánasta umhverfi og forða bæði sér og dýrum frá slysum.



FUGLAR

Fuglar lenda í árekstrum við ökutæki þar sem þeir misreikna líklegast hraða bíla og ná ekki að forða sér tímanlega. Mesta hættan á árekstri við fugla er frá því farfuglar koma til landsins í apríl og fram á seinni hluta sumars þegar ungar eru komnir á stjá og umferð er hvað mest, en einnig í skammdeginu.


Fuglar dvelja við vegi af margvíslegum ástæðum. Í kuldatíð að vori og hausti og jafnvel að vetri geta vegir haldið varma og laðað að fugla eins og t.d. endur og vaðfugla. Þá leita sumar tegundir í vegi þar sem gott aðgengi er að misstórum sandkornum sem margir fuglar nýta til að melta fæðuna einkum gæsir og álfir og rjúpur. Grónir vegkantar laða líka að endur eins og t.d. stökk-endur og rauðhöfðaendur sem eru sólgnar í gróðurinn. Einnig sækja skordýraætur, t.d. skógarþrestir, maríuerlur, þúfutittlingar, tjaldar, spóar og hrossagaukar í skordýr sem finnast í gróðrinum í vegköntum. Þá keyra vegfarendur niður ómælt magn af skordýrum sem laða að fugla, enda auðfengið æti. Fuglarnir verða svo fyrir ökutækjum sem aftur laða að hræætur eins t.d. hrafna, kjóa, máfa og jafnvel branduglur.

Sumir fuglar sækja að verpa við vegi, eins og t.d. tjaldar, sandlóur og kríur. Umferðin veitir fuglunum ákveðið öryggi með því að lágmarka ýmsar aðrar hættur eins og t.d. ref og mink. Fyrir vikið eiga þeir fuglar og ungar þeirra á hættu að lenda í árekstri sem aftur getur laðað að mink og ref sem stenst ekki freistinguna að kanna það sem liggur dautt.

Full ástæða er fyrir ökumenn að hafa vara á sér þar sem gæsir og álfir sækja að vegum. Þessir fuglar líta stundum á ökutæki sem ógn og ráðast til atlögu með ófyrirséðum afleiðingum bæði fyrir sig og ökumenn sem geta fipast og lent utan vegar, oft með slæmum afleiðingum.



Særð álfir eftir samstuð við ökutæki



HREINDÝR

Hreindýr verða flest fyrir bílum yfir vetrarmánuðina. Þar fer saman að dýrin leita gjarnan niður á láglendi yfir háveturinn, þegar skammdegi er mest og aksturskilyrði oft léleg. Ekið hefur verið á hreindýr alla mánuði ársins nema í júlí og ágúst. Með aukinni umferð og auknum fjölda hreindýra hafa árekstrar orðið tíðari. Oftast er keyrt á hreindýr í Lóninu, á veginum milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, einkum í nágrenni álversins og á Háreksstaðaleið á Jökuldalsheiði. Mikilvæg er að vegfarendur hafi varann á sér þegar ekið er um Austurland, en víða hafa verið sett upp skilti sem vara við hreindýrum. Þá hafa viðvaranir í fjölmiðlum aukist. Nánar má lesa um hreindýr í umferðinni með því að smella [hér](#)

ÞAÐ KOMAST EKKI ALLIR Á LEIÐARENDA – VIÐ SKORUM Á ÞIG !



SAUÐFÉ

Sauðfé er algengt við vegi landsins yfir sumarmánuðina þar sem vegir eru ekki afgirtir eða girðingum er ekki viðhaldið. Því miður er árekstrar við sauðfé alltof algengir. Líkt og með fugla og hreindýr laðast þessi dýr að vegunum af ýmsum ástæðum. Gróður við vegi heillar og líklega einhver bætiefnaskortur sem veldur því að sauðfé sækir mikið í malarvegi þar sem hefur verið rykbundið með salti. Þá er upphækkaður vegur ágætis útsýnis- og hvíldarstaður þar sem hægt er að jórtra í makindum og hvílast.

Ef vegfarendur verða fyrir því óláni að særa dýr eða koma að særðum villtum dýrum ber að tilkynna það til sveitarfélagsins þar sem dýrið er statt. Ef um sauðfé er að ræða skal tilkynna það til umsjónaraðila eða lögreglu. Ef fyrirsjáanlegt er að ekki sé hægt að koma dýrinu til hjálpar innan hæfilegs tíma og augljóst er að meiðsl eru banvæn er heimilt að deyða dýrið, með skjótum og sársaukalausum hætti.

Það er MAST sem hefur eftirlit með dýravelferð. Sjá nánari leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við særðum eða hjálparlausnum dýrum:

<https://www.mast.is/is/dyraeigendur/dyr-i-neyd/slasad-eda-hjalparlausn-dyr>

Eftir sem áður vill Náttúrustofa Austurlands gjarnan fá upplýsingar um ákeyrð hreindýr, enda er það í takt við hlutverk stofnunarinnar að vakta íslenska hreindýrastofninn.



Rykbundnir malarvegir eru eftirsóttir



Skyldi einhver sölt eða steinefni vera að finna undir þessum bíl ?



Tjaldar verpa oft við vegi og stýra umferðinni



Ökumenn þurfa stundum að hafa vit fyrir fiðurfénaði



Þúfutittlingur kominn á grillið

LJÓSIN Í SKAMMDEGINU

Í skammdeginu blindast dýr oft af ljósum ökutækja og bregðast þá ekki við fyrir en of seint, þetta á ekki síst við um rjúpur og hreindýr. Til að lágmarka árekstra er gott að lækka ljósin þegar sést glampa á augu fram undan í háageislanum.